

64

21. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verkvið
landlæknis og störf héraðslækna.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Upphaflegur 22. liður (fyrir áorðnar breytingar 25. liður) 1. gr. laganna verði tveir liðir, svo hljóðandi:

25. *Blönduóshérað*: Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðahreppur, Engihlíðahreppur og Vindhælishreppur. Læknissetur á Blönduósi.

Íbúar Vindhælishrepps utan Hafursstaðaár eiga þó jöfnum höndum tilkall til læknisþjónustu af hendi héraðslæknis í Höfðahéraði.

26. *Höfðahérað*: Höfðahreppur og Skagahreppur. Læknissetur í Höfðakaupstað. Liðatala greinarinnar breytist samkvæmt þessu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. apríl 1954.

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

65

21. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 8 24. marz 1944, um breyting á lögum nr. 44 23. júní
1932, um skipun læknishéraða, verkvið landlæknis og störf héraðslækna.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í staðinn fyrir Egilsstaðahérað í 3. gr. laga nr. 8 1944 komi tvö ný héruð, þannig:

a. *Egilsstaðahérað vestra*: Jökuldalshreppur, Hlíðahreppur, Hróarstunguhreppur, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur. Læknissetur á Egilsstöðum.

b. *Egilsstaðahérað eystra*: Hjaltastaðahreppur, Eiðahreppur, Egilsstaðahreppur, Vallahreppur og Skriðdalshreppur. Læknissetur á Egilsstöðum.